

Samþykktir Svæðisnefndar GA-samtakanna á Íslandi

1. grein

Félagið heitir Svæðisnefnd GA-samtakanna á Íslandi.

2. grein

Heimili félagsins og varnarþing er á lögheimili oddamanns svæðisnefndar hverju sinni.

3. grein

Hlutverk svæðisnefndar er sem hér segir:

- 1) Að aðstoða GA-deildir á Íslandi við að bera spilafíklum sem enn þjást boðskap GA-samtakanna.
- 2) Að standa vörð um reynsluspor og erfðavenjur GA-samtakanna.
- 3) Sö hafa umsjón og eftirlit með eigum GA-samtakanna á Íslandi.
- 4) Að vera tengiliður við alþjóðaskrifstofu GA-samtakanna – GA ISO og kjósa svæðisnefndarfulltrúa til að koma fram fyrir hönd svæðisnefndarinnar á heimsráðstefnu GA-samtakanna.
- 5) Að skipa starfsnefndir innan GA-samtakanna er sinna eiga sérstökum verkefnum sem falla innan starfssviðs svæðisnefndar.
- 6) Að halda svæðisnefndarfundi í því skyni að efla samstarf og samskipti milli deilda á svæðinu.
- 7) Að kalla saman svæðisráðstefnu í mars ár hvert til að ræða málefni samtakanna í heild.

4. grein

Helstu verkefni svæðisnefndar eru;

- 1) Að veita GA-deildum á Íslandi þjónustu með því fjalla að um málefni sem þær varða, þ.m.t. að halda skrá yfir GA-fundi á svæðinu, annast neyðarsíma samtakanna, annast sölu og dreifingu á útgefnum efni, viðhalda vefsíðu samtakanna, manna fundi á spítölum, meðferðarstofnunum og hverjum þeim stað sem veitir þjónustu við spilafíkla, veita upplýsingar og annast samskipti við fagfólk.
- 2) Að viðhalda bókasafni samtakanna, þar með talið öllu útgefnum efni sem tengist starfi samtakanna.
- 3) Að koma fram fyrir hönd samtakanna. Skal í þeim tilvikum sem samtökin koma fram opinberlega finna velviljaðan, óháðan aðila til hafa orð fyrir samtökunum eða fulltrúa úr GA-samtökunum sem kemur þá fram nafnlaust.

5. grein

Skipan svæðisnefndar;

- 1) Deildarfulltrúar allra skráðra GA-deilda mynda svæðisnefnd GA-samtakanna á Íslandi. Skráðar deildir eru þær deildir sem eru taldar upp í fundaskrá á vef GA-samtakanna: www.gasamtokin.is. Hver deild getur skipað tvo deildarfulltrúa í svæðisnefnd. Varadeildarfulltrúi tekur sæti deildarfulltrúa í forföllum hans.
- 2) Allir fulltrúar svæðisnefndar skulu vera virkir GA-félagar, það er vera virkir í fundasókn samtakanna og æskilegt er að þeir séu búnir að vera spilalausir í að minnsta kost eitt ár.
- 3) Hver GA-deild veitir deildarfulltrúum sínum rétt til að taka ákvörðun á svæðisnefndarfundum og svæðisráðstefnu, það er að vinna samkvæmt samvisku sinni eftir að hafa hlustað á umræður á fundunum og tekið þátt í þeim.
- 4) Svæðisnefnd kys ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Kjörtímabil þeirra skal vera tvö ár.
- 5) Nefndin kys svæðisnefndarfulltrúa gagnvart GA ISO og varafulltrúa hans.
- 6) Nefndin kys fulltrúa sinn í starfsnefndir (útgáfunefnd, vefnefnd og SOS-nefnd) sem er tengiliður viðkomandi nefndar við svæðisnefnd.

- 7) Enginn GA-félagi má sitja lengur en þrjú kjörtímabil í einu sem aðalfulltrúi í svæðisnefnd. Nefndin áskilur sér rétt á undanþágum frá þessari reglu.
- 8) Svæðisnefnd er heimilt að velja sér svæðisnefndarfulltrúa utan síns hóps.

6. grein

Fundir svæðisnefndar

- 1) Svæðisnefndarfundir skulu haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.
- 2) Hver skráð GA-deild fer með tvö atkvæði á svæðisnefndarfundum.
- 3) Öllum GA-félögum er velkomið að sitja svæðisnefndarfundum. Þeir hafa málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.
- 4) Svæðisnefndarfundir eru haldnir til skiptis á heimilum svæðisnefndarfulltrúa.
- 5) Þurfi deildarfulltrúi að ferðast um langan veg á svæðisnefndarfund geta GA-deildir greitt hóflegan ferðakostnað deildarfulltrúa síns á fundinn.

7. grein

Svæðisnefndarfulltrúi

- 1) Svæðisnefnd skal kjósa svæðisnefndarfulltrúa til að taka þátt í heimsráðstefnu GA-samtakanna fyrir hönd svæðisnefndarinnar. Svæðisnefnd kys bæði aðal- og varafulltrúa sem mætir á ráðstefnuna ef aðalfulltrúi kemst ekki. Svæðisnefnd skal hafa hliðsjón af leiðbeinandi fyrir mælum heimsráðstefnu varðandi val á aðal- og varafulltrúa á heimsráðstefnuna, svo og varðandi undirbúning undir ráðstefnuna og þátttöku í henni og nefndum hennar.
- 2) Mælt er með að svæðisnefndarfulltrúi sé GA-félagi sem sé búinn að vera spilalaus í að minnsta kosti þrjú ár og reynslu af annarri þjónustu í samtökunum. Svæðisnefndarfulltrúi mætir reglulega á GA-fundi, þekkir vel til tólf spora starfs og erfðavenjanna tólf og er staðráðinn í að fylgja erfðavenjunum tólf. Svæðisnefndarfulltrúi mætir á svæðisnefndarfundum svo að hann sé upplýstur um málefni svæðisnefndarinnar og geti komið fram fyrir hönd hennar á heimsráðstefnunni.
- 3) Svæðisnefndin notar framlög sem henni berast m.a. til að greiða kostnað við ferðir svæðisnefndarfulltrúa á heimsráðstefnu.
- 4) Svæðisnefndarfulltrúar eru kosnir til tveggja ára. Svæðisnefndarfulltrúi má mest gegna þjónustunni í þrjú kjörtímabil.

8. grein

Svæðisráðstefna

- 1) Svæðisráðstefna GA-samtakanna skal haldin árlega í mars.
- 2) Rétt til setu á svæðisráðstefnunni eiga allir virkir GA-félagar.
- 3) Hver skráð GA-deild fer með tvö atkvæði á svæðisráðstefnunni og skal deildarfulltrúi koma fram fyrir hönd deildar sinnar eða varadeildarfulltrúi í forföllum hans.
- 4) Svæðisráðstefna skal boðuð á vefsíðu samtakanna og með tilkynningum á deildarfundum eða með öðrum sannanlegum hætti með skemmst 14 daga fyrirvara.
- 5) Dagskrá svæðisráðstefnu skal vera:

Skýrsla svæðisnefndar um störf sín á liðnu starfsári

Reikningar svæðisnefndar lagðir fram til samþykktar

Skýrsla starfsnefnda um störf sín á liðnu starfsári

Skýrsla svæðisnefndarfulltrúa um heimsráðstefnu og málefni samtakanna á heimsvísu

Almennar umræður um áherslur og framtíðarverkefni svæðisnefndar

Önnur mál

9. grein

Rekstrarkostnaður

- 1) Um framlög deildanna til sameiginlegs rekstrarkostnaðar vegna verkefna svæðisnefndar skal fjalla á svæðisráðstefnu þegar þörf krefur.
- 2) Í anda 7. erfðavenju GA-samtakanna eru GA-deildir hvattar til að leggja svæðisnefnd sinni til framlög til reksturs hennar, svo sem fyrir fundaraðstöðu, rekstir neyðarsíma, prentun, fjölföldun, rekstri heimasíðu, póstkostnaði og kostnaði við að senda svæðisnefndarfulltrúa á heimsráðstefnu.

10. grein

Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á svæðisráðstefnu með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til heimsráð GA-samtakanna.

11. grein

Starfsnefndir

Svæðisnefnd skipar starfsnefndir eftir þörfum, þ.á m. vefnefnd, útgáfunefnd og SOS-nefnd. Þátttaka í starfi nefndanna er opin öllum virkum GA-félögum. Svæðisnefnd skipar einn fulltrúa úr sínum hópi í hverja nefnd sem skal vera tengiliður nefndarinnar við svæðisnefnd. Fulltrúi svæðisnefndar er valinn til tveggja ára í senn. Æskilegt er að fulltrúi svæðisnefndar hafi tveggja ára samfellt GA-fráhald og hafi verið virkur í starfi fyrir GA-samtökin.

1) Vefnefnd

Hlutverk vefnefndar er að:

Standa vörð um vefsíðu GA-samtakanna (gasamtokin.is).

Aðstoða svæðisnefnd við að koma efni inn á vefsíðuna. Vefnefnd ber ábyrgð á að efni sem sett er á vefsíðuna sé viðurkennt GA-efni.

2) Útgáfunefnd

Hlutverk útgáfunefndar er að:

Að annast þýðingu á GA-efni og sjá til þess að bataleið GA-samtakanna komist vel til skila.

Að sjá um útgáfu og dreifingu GA-bóka, GA-bæklinga og fundaskráa samtakanna.

Að halda utan um og tryggja höfundar- og útgáfurétt á GA-efni.

Að hafa umsjón með rekstri og eigum GA-útgáfunnar.

3) SOS-nefnd

Hlutverk SOS-nefndar er að:

Skipuleggja 12 spora starf sem fer fram á sjúkrahúsum og stofnunum.

Halda utan um skráningar á félögum sem vilja starfa á sjúkrahúsum og stofnunum.

12. grein

Allar GA-deildir eru algerlega sjálfstæðar og óháðar afskiptum svæðisnefndar nema upp komi mál sem falla undir 3. gr., lið 2) hér að ofan.

13. grein

Samþykktum þessum verður einungis breytt á svæðisráðstefnu með 2/3 hlutum atkvæða. Tillögur til breytinga á samþykktunum þurfa að hafa borist svæðisnefnd 2 vikum fyrir næsta svæðisnefndarfund og skulu sendar með fundarboði.

Samþykkt á svæðisnefndarfundi GA-samtakanna fimmtudaginn 2. ágúst 2018.